



Eyborg Guðmundsdóttir á vinnustofu sinni. Hún lést langt um aldur fram árið 1977, þá 52 ára gömul. Listunnendur geta nú notið verka hennar á yfirlitssýningu sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum. MYND.

Leyndarmál íslenskrar listasögu

Fyrsta yfirlitssýningin á verkum **Eyborgar Guðmundsdóttur** stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Hér á landi fékk þessi merka listakona ekki þá athygli sem hún átti skilið.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Á Kjarvalsstöðum stendur yfir yfirlitssýning á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur en hún lést langt um aldur fram árið 1977, 52 ára gömul. Sýningarstjórar eru Heba Helgadóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir.

„Þetta er fyrsta yfirlitssýningin sem er haldin á verkum Eyborgar og löngu tímabær,“ segir Ingibjörg. „Eyborg hélt sjálf þrjár einkasýningar á Íslandi og tók þátt í

fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis. Sýningin hefur yfirskrítina Hringur, ferhyrningur og lína sem er tilvísun í ummæli frá Eyborgu þar sem hún segir að hún sé alltaf að vinna með þessi grunnform í umhverfi okkar. Mér finnst svo heillandi þessi aðdáunarverða þolinmæði sem hún hefur fyrir fletinum og hvernig hún er alltaf að takast á við hann.“

Þær segja verkin á sýningunni koma úr ýmsum áttum. „Það var víða leitað fanga,“ segir Ingibjörg. „Verk eftir Eyborgu eru í opinberum söfnum og mjög mörg eru í einkaeygn.“ Heba bætir við: „Það er langt síðan Eyborg féll frá, og það kom okkur á óvart og var mjög ánægju-



Ingibjörg og Heba hafa veg og vanda af sýningunni, sem er fyrsta yfirlitssýning á verkum Eyborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

legt hversu vel gekk að safna saman verkum eftir hana.“

Föst og hrein form


Ekki kunna allir skil á þessari stórmerku listakonu og Heba rifjar upp feril hennar. „Eyborg fæddist árið 1924 og ólst upp á Eyri við Ingólfsfjörð. Hún greindist ung með berkla og var á Vífilsstöðum. Hún flutti til Reykjavíkur árið 1944 og bjó á Vesturgötu 53. Valtýr Pétursson bjó undir sama þaki og þarna voru listamenn tíðir gestir. Í tólf ár vann hún skrifstofustörf hjá Búnaðarfélagi Íslands en árið 1957 fór

hún markvisst að sinna list sinni. Hún kynntist Dieter Roth sem leiðbeindi henni og hann ásamt Þorvaldi Skúlasyni hvatti hana til að halda til Parísar í nám. Hún hóf nám í fremur hefðbundnum skóla, Académie Julian, 35 ára þroskuð kona með frekar mótaðar hugmyndir. Kennslan í skólanum átti ekki við hana og hún leitaði að leiðbeinanda og valdi sér franskan geómetriskan þungavigtarmann, Georges Folmer. Folmer stofnaði árið 1961 hópinn Groupe Mesure um framþróun geómetriunnar og Eyborg var ein af fimmtán stofnmeðlimum. Helsta

markmið þeirra var að tengja listina út í samfélagið og í arkitektúr og að listin væri ekki lokað inni á söfnum. Eyborg átti fimm ára tímabil með þessum hópi og sýndi víða. Þarna var hún að hreinsa svölitið til í geómetriunni, litirnir urðu einfaldari og hún fór alveg niður í kjarnann í geómetriunni. Á Parísarárunum naut hún einnig reglulega leiðsagnar frumkvöðuls op-listarinnar, Victors Vasarely, sem hafði áhrif á áhuga hennar á beinum áhrifum markvissra forma og reglu á sjónskynjun og upplifun.

Hún var alltaf á ákveðinni leið





LISTASAFN REYKJAVÍKUR



HÖFUNDAREINKENNI

HENNA ERU FÖST OG

HREIN FORM ÞAR SEM

SJÓNÆN ÁHRIF REGLU-

BUNDINNA FORMA ERU

MEGINÁHERSLAN.

og tók ýmislegt frá umhverfinu. Þessi sýning endurspeglar ansi vel hvernig hún þróaði list sína í ýmsar áttir innan geómetrísku og op-lista rammans. Höfundareinkenni hennar eru föst og hrein form þar sem sjónræn áhrif reglubundinna forma eru megináherslan.“

Var jaðarsett

Eyborg flutti heim til Íslands árið 1965. „Þá var geómetrían gengin yfir hér á landi þannig að Eyborg var jaðarsett og fékk ekki þá athygli sem hún átti skilið. Hún hefur samt alltaf átt sér ákveðna aðdáendur,“ segir Heba. „Fyrsta einkasýning hennar var árið 1965 í Bogasal Þjóðminjasafnsins og verkin einkenndust af sterkum einföldum formum. Árið eftir hélt hún sýningu á Mokka

kaffi og árið 1975 hélt hún stóra sýningu í Norræna húsinu þar sem má sjá ákveðna þróun í verkunum. Hún lék sér þar með tvívíddarflötinn og flest verkanna voru op-verk ásamt lágmyndum.“

Mikilvægur hlekkur

„Ef hún hefði lifað lengur finnst mér sennilegt að hún hefði reynt að vinna að fleiri verkefnum tengdum arkitektúr. Hún hafði mikinn áhuga á samvinnun myndlistar og arkitektúrs,“ segir Ingibjörg. „Hún gerði stígahandrið á kvennaheimilið á Hallveigarstöðum, óskaplega fallegt smíðajárnshandrið. Við vitum til að hún gerði tillögu að framhliðinni að



Allir listunnendur ættu að bregða sér á Kjarvalsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tollhúsinu, sem þeir sem sáu segja að hafi verið alveg stórkostleg hugmynd, en við höfum ekki fundið hana. Framlag hennar til grafískrar hönnunar er líka eftirtektarvert en hún hannaði bókarkápur og forsiður á timarit, auk þess að hanna sín eigin boðskort og sýningarskrár fyrir sýningar sínar.“

Um stöðu Eyborgar í íslenskri myndlist segir Heba: „Eyborg var lengi vel eitt best geymda leyndarmál íslenskrar listasögu. Hún er ákaflega mikilvægur hlekkur milli formrænnar abstraktlistar og SÚM. Með þessari yfirlitssýningu á verkum hennar er verið að sýna týndan hlekk í listasögu okkar.“